

Fréttapistill frá forseta Íslands

15. febrúar 2021

Nýverið ræddi ég við Maríu Rut Kristinsdóttur um stjórnmal, lýðræði og samfélag í hlaðvarpi hennar, Pælum í pólítík. Hægt er að hlusta á það á Spotify og hér til dæmis <https://podtail.com/.../ly-rae-i-me-gu-na-th-johannessyni/>

11. febrúar ár hvert er Dagur íslenska tákn málsins. Af því tilefni flutti ég landsmönnum kveðju á tákn máli sem hægt er að sjá á heimasíðu embættisins. Hún hefur nú verið uppfærð þannig að þar má sjá færslur á samfélagsmiðlum.

Á þriðjudaginn var, 9. febrúar, átti ég fund með Jóhannesi Hauki Jóhannessyni leikara. Jóhannes skoraði nýlega á ráðamenn að beita sér fyrir því að efnisveitan Disney+ bjóði upp á talsett og textað sjónvarpsefni á íslensku hér á landi, enda hafi fyrirtækið þannig þætti og myndir í forum sínum. Lilja Dögg Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra hefur átt í samskiptum við forráðamenn fyrirtækisins og mun breytinga að vænta. Ég hef fengið upplýsingar hjá ráðherra um gang málsins og á fundinum með Jóhannesi Hauki á Bessastöðum ræddum við hversu mikilvægt það er að talsett og textað efni standi til boða á efnisveitum á borð við Disney. Af þessu tilefni er við hæfi að rifja upp Disneyrímur Þórarins Eldjárns, meðal annars þetta erindi í annarri rímu:

Rétta tækni á réttum stað á réttum tíma:
Þrungin tón skal teikniræma
töfra þjóðareyrað næma.

Þennan sama dag bárust þau tíðindi að ekki verði af sameiginlegu átaki lyfjarisans Pfizer og íslenskrar þjóðar um allsherjarbólusetningu sem gæti komið að gagni í baráttu heimsbyggðarinnar við veiruna skæðu. Þá er að þreyja þórrann áfram og skora ég enn á fólk að sinna sínum eigin sóttvörnum. Sú varnarlína er traustust auk tryggra leiða til að koma í veg fyrir að smit berist inn í landið að utan. Ávæningur af samstarfi við Pfizer vakti spurningar um siðferðisleg álitamál, forgangsröðun bólusetninga um víða veröld og skyld efni. Sjálfsagt er að efna til umræðu af því tagi. Frumskylda stjórnvalda felst í því að tryggja líf og heilsu borgara í hverju ríki. Þess vegna eru útgjöld til heilbrigðismála snar þáttur í heildarkostnaði hins opinbera eins og vera ber.

Í því sambandi er hins vegar brýnt að huga enn frekar en áður að forvirkum aðgerðum á sviði lýðheilsu og geðheilsu. Þetta nefndi ég í síðasta nýársávarpi og vona að umræða um þessi efni haldi áfram. Bent hefur verið á að hér á Íslandi eins og annars staðar á Vesturlöndum rennur drjúgur meirihluti útgjalda heilbrigðiskerfisins til meðferðar við langvinnum lífsstílstengdum sjúkdómum. Einungis broti af þeirri upphæð hefur verið veitt til forvarna. Ágóði af átaki á þeim vettvangi yrði hins vegar ótvíræður eins og Tryggvi Þorgeirsson læknir og Erna Sif Arnardóttir lektor við HR bentu nýlega á, svo að dæmi sé tekið. Erna fer fyrir hópi vísindafólks sem hlaut á árinu himinháan alþjóðastyrk til rannsókna á kæfisvefni og öðrum öndunartruflunum

sem tengjast ýmsum heilsuvanda. Sú viðurkenning er á sinn hátt eins glæsileg og afrek fulltrúa okkar í listum og íþróttum á heimsvísu.

Hér nefni ég líka framlag Janusar Guðlaugssonar til bættrar heilsu aldraðra, atbeina sem hefur bætt líf svo margra og sparað stórfé ef út í það er farið. Þá má geta rannsókna Tinnu Laufeyjar Ásgeirsdóttur og fleiri á virði þeirra lífsins gæða sem ekki er hægt að mæla með beinum og skýrum hætti – ekki síst hamingju og heilbrigði, væntumþykju og vellíðan. Af svipuðum meiði er vinna undir stjórn Unnar Önnu Valdimarsdóttur við að greina vægi áfalla og streitu í þróun líkamlegra sjúkdóma, og kemur farsóttin þar nú síðast við sögu. Áfram mætti halda en að lokum minnst ég sjónarmiða Héðins Unnsteinssonar, formanns Geðhjálpar, sem veit sínu viti um geðheilbrigðismál. „Við erum mjög afleiðingatengd,“ sagði hann í viðtali um þau síðasta sumar: „Við erum oft að takast á við afleiðingar í stað þess að vinna með orsakabætti.“ Og aftur er boðskapurinn sá að heildarútgjöld megi hiklaust minnka með því að verja auknu fé til forvarna.

Miðvikudaginn 10. febrúar setti ég Framadaga með stuttu ávarpi. Framadagar eru árlegur viðburður sem stúdentasamtökin AIESEC á Íslandi standa að í samstarfi við Háskólann í Reykjavík. Þar fá háskólanemar tækifæri til að fræðast um íslenskan vinnumarkað og eiga bein samskipti við fagfólk úr íslensku atvinnulífi. Vegna farsóttarinnar fór viðburðurinn fram á netinu í ár.

Þennan sama dag tók ég einnig við merkjum grip frá liðinni tíð. Stefán Pálsson sagnfræðingur færði mér matseðill, sem honum hafði áskotnast, frá hátíðarmálsverði á Hótel Borg í Reykjavík 18. júní 1944 í tilefni af stofnun lýðveldis daginn áður. Gripurinn er í yfirstærð og stóð væntanlega á borði eða þrífæti við inngang að borðsal. Auk upplýsinga um þá rétti, sem bornir voru fram, er dagskrár getið, bæði ræðna og tónlistar.

Í nýliðinni viku kom út bók á ensku um skákferil Friðriks Ólafssonar, fyrsta stórmeistara okkar Íslendinga. Mér hlotnaðist sá heiður að rita formála í verkið og má lesa hann hér á íslensku og ensku: <https://www.forseti.is/.../2021-02-10-b%C3%B3k-um-fri%C3.../>.

Fimmtudaginn 11. febrúar var þess minnst að þrjú áratugir eru liðnir frá því að Alþingi lýsti því yfir með þingsályktunartillögu að viðurkenning Íslands á sjálfstæði Litháen, sem veitt var árið 1922, væri enn í fullu gildi. Nokkur aðdragandi var að þeirri yfirlýsingu. Í janúar 1991 höfðu sovéskar sérsveitir banað óbreyttum borgurum í Vínús og Riga, höfuðborgum Litháens og Lettlands, og viðsjár voru líka í Eistlandi. Jón Baldvín Hannibalsson utanríkisráðherra varð við ákalli sjálfstæðissinna í þessum löndum, einn vestrænna ráðamanna, og hélt óðara á vettvang. Sá siðferðislegi og pólitíski stuðningur verður seint fullþakkaður þar ytra.

Litháar væntu þess að í framhaldinu yrði komið á stjórnmalasambandi milli Íslands og Litháens. Hér heima voru Sjálfstæðismenn í stjórnarandstöðu og vildu að það skref yrði stigið hið snarasta, án tillits til aðstæðna og þess hvort aðrar þjóðir myndu fara að því fordæmi. Utanríkisráðherra sagði það aftur á móti óráðlegt svo lengi sem Sovétmenn réðu lögum og lofum á landamærunum við Eystrasalt. Að sama skapi fannst honum óþarft að áréttu að viðurkenning Íslands á sjálfstæði Litháens væri enn í gildi, það lægi í hlutarins eðli að svo væri. Steingrímur Hermannsson

forsætisráðherra var sama sinnis og var fjarstaddur þegar alþingismenn greiddu atkvæði um stuðningsyfirlýsinguna.

Næstu mánuði þótti forystumönnum Litháa leitt að stjórnmalasambandi var ekki komið á milli landanna tveggja, og breytti þá engu að Sjálfstæðismenn settust í ríkisstjórn með Alþýðuflokki Jóns Baldvins, undir forystu Davíðs Oddssonar sem bar sama hlýhug til þjóða Eystrasaltslandanna og Jón. Kannski hefði þetta mikla skref verið stigið fyrr en síðar en svo fór í ágúst að misheppnuð valdaránstílraun í Moskvu olli straumhvörfum. Nú er lag, sagði Jón Baldvin á NATO-fundi, „a window of opportunity“. Þau orð réðu auðvitað ekki úrslitum en 26. ágúst 1991 komu utanríkisráðherrar Eystrasaltslandanna þriggja hingað og undirrituðu samninga um stjórnmalasamband við Ísland, fyrst allra ríkja. Næstu daga og vikur voru viðlíka samningar undirritaðir annars staðar.

Öll er þessi saga merk en stundum flókin og ekki þannig að alltaf hafi ríkt einhugur, að alltaf hafi rétt skref verið stigin á réttum tíma og þar fram eftir götunum. Þessi saga er einmitt svo merk að óþarfi væri að skapa úr henni eintóna hetjusögu. Ein síðasta fræðigreinin sem ég samdi áður en tók við embætti forseta fjallar um stuðning Íslands við sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltslandanna og hana má lesa hér: <https://ojs.utlib.ee/.../art.../viewFile/AA.2016.3-4.05/8349>. Og á hreyfðri og óskýrri mynd hér að neðan, sem Eliza tók þegar við vorum í fríi í Litháen árið 2006, er ég við Íslandsgötu í Vlníus.

Ég óska lesendum velfarnaðar. Njótum í hófi bolludags, sprengidags og öskudags! Og njótum daganna, líðandi stundar. Gætum okkar á stressi og reynum að finna tíma fyrir hreyfingu og hvíld.